# Verndaðu þig gegn RSV!



**RSV** (e. respiratory syncytial virus) öndunarfærasamfrymisveiran er mjög smitandi. Veiran dreifist auðveldlega um loftið og getur leitt til alvarlegra veikinda og dauða.

## Viltu vita meira?

Hér eru nokkrar mikilvægar staðreyndir.

## RSV er algeng og hugsanlega hættuleg veira



**Á hverju ári í Evrópu veldur veiran yfir:**

| | |
|---|---|
| **200.000** | innlögnum á sjúkrahús hjá börnum |
| **150.000** | innlögnum á sjúkrahús hjá fullorðnum |
| **20.000** | dauðsföllum fólks yfir 60 |



RSV getur haft áhrif á fólk á öllum aldri. Næstum öll börn verða sýkt af RS-veirunni þegar þau verða tveggja ára.

## Bólusetning verndar þá sem eru í mestri hættu á að fá RS-veiruna

- Börn fædd fyrir tímann
- Börn yngri en 6 mánaða
- Fólk yfir 65 ára
- Fólk með veiklað ónæmiskerfi eða fyrirliggjandi sjúkdóma eins og sykursýki, hjartasjúkdóma og lungnasjúkdóma





**Þungaðar konur geta fengið bólusetningu og veitt nýburum sínum þá vörn – sem verndar þær á erfiðum tímum.**




**Bólusetning getur komið í veg fyrir RSV og fylgikvilla þess**

**Ekki bíða! Talaðu við lækninn þinn til að fá ráðleggingar um bólusetningu.**

Skannaðu QR kóðann til að fá frekari upplýsingar á Evrópsku upplýsingagáttinni um bólusetningar

vaccination-info.europa.eu/en

EVRÓPSKA UPPLÝSINGA-GÁTTIN UM BÓLUSETNINGU
Stofnuð að frumkvæði Evrópusambandsins